

Andrésbrunnur 2-10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. apríl 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Andrésbrunn 2-10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við birtingu auglýsingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 7. maí 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

1. apríl 2003

Nr. 330

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá nr. 337/2002 fyrir heilbrigðis-
og mengunarvarnareftirlit á Suðurlandi.**

Samkvæmt samþykkt aðildarsveitarfélaganna á Suðurlandi er gerð breyting á 7. grein gjaldskrárinnar og hljóðar hún nú á eftirfarandi hátt:

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimukostnaðar.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Selfossi, 1. apríl 2003.

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Elsa Ingjaldsdóttir framkvæmdastjóri.

6. maí 2003

Nr. 331

REGLUR

um vísitölusjóði.

1. gr.

Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 10/1993, er heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé, í samþykktum og fjárfestingarstefnu sjóðsins, eða viðkomandi deildar hans, kveðið á um að eignasamsetning hans skuli endurspegla ákveðna verðbréfavísitölu.

2. gr.

Vísitala skv. 1. gr. skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega á skipulögðum verðbréfamarkaði, sbr. lög um verðbréfaviðskipti og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.